

sirkus

25. maí 2007

MEÐ GAMALMENNUM Á G-STRENG

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir er nýkomin heim frá Indlandi þar sem hún dvaldist sem skiptinemi. Hún stiklar á stóru í viðtali við Sirkus. **BLS. 10**



25

RÍKUSTU ÍSLENDINGARNIR



RISAÚTTEKT BLS 9-16



SETT BÝÐUR **VÖNDUÐ**
HÚSGÖGN Á **BETRA** VERÐI
KOMDU VIÐ OG **SKOÐAÐU**
ÚRVALIÐ HJÁ OKKUR

SETT

HÚSGAGNAVERSLUN

ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 534 1400

fréttir

■ Heyrst hefur



Elin María Þrúg

Elin María Björnsdóttir, framkvæmdastjóri húsgagnaverslunarinnar Egg og fyrrum þáttastjórnandi Brúðkaupsþáttarins Já, fagnaði þrjátíu ára afmæli sínu í góðra vina hópi að heimili sínu við Aratún í Garðabæ á laugardaginn var. Að sjálfsgöðu var **Hrafnkell Pálmarrsson**, eiginmaður Elínar

Mariu, staddur þar en meðal gesta má nefna Gunnar Einarsson, bæjarstjóra í Garðabæ, Stein Loga Björnsson forstjóra Húsasmiðjunnar,



Ingu Lind

Karlsdóttir sjónvarpskonu og Árna Hauksson eiginmann hennar, Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa, Hlyn Sigurðsson og frú úr Fasteignasjónvarpinu, **Arnbjörgu Valsdóttur** leikkonu, sem og strákana úr í svörtum fötum. Jón Jósep Snæbjörnsson söngvari



sveitarinnar var þó fjarri góðu gamni en leiða má líkur að því að hann hafi verið á flugi enda nýbyrjaður að starfa sem flugbjónn hjá Ícelandair.



KASTLJÓSSDROTTNINGIN RAGNHILDUR STEINUNN SÝNIR Á SÉR NÝJA HLIÐ

Lumbrar á ófreskjum vopnuð tveimur sverðum

Fimleikarnir komu að góðum notum í þessum atriðum en svo var ég á stífum bardagaefingum alla daga," segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir sem sýnir á sér nýja hlið í myndinni *Astrópiu* eða *Dorks & Damsels* sem frumsýnd verður hinn 22. ágúst næstkomandi. Í myndinni bregður Ragnhildur Steinunn sér í hlutverk Hildar, ungrar stúlku sem neyðist til að standa á eigin fótum eftir að kærastinn hennar, glaumgosi og bílasali, er settur bak við lás og slá. Hildur fær vinnu í leikjabúð þar sem undarlegir hlutir eiga sér stað og að lokum dregst hún inn í ævintýraheim þar sem hún þarf að bjarga sér frá illum vættum og ófreskjum. Og það gerir Ragnhildur Steinunn með stæl. Í sýnishorni úr myndinni, sem hefur verið sett á netið, sést hvar hún fer flikk-flakk, aftur á bak og áfram, tekur hringspörk að hætti þrautþjálfaðra karatemanna og lumbrar á ófreskjum vopnuð tveimur sverðum. Ragnhildur Steinunn býr að góðum grunni þar sem hún æfði fimleika um árabil og var



Xena Bardagaprinsessan á ekki séns í *Ragnhildi Steinunni*.

sem fyrir segir á stífum bardagaefingum fyrir myndina. „Ég var meira að segja með sverð heima sem ég notaði til æfinga. Ég er frekar metnaðargjörn og stóð fyrir framan spegilinn og æfði mig þegar tími gafst til,"

segir Ragnhildur Steinunn. Á meðan á tökum á myndinni stóð var leiðbeinandi úr bardagalistum henni innan handar. Hún lék öll atriðin sjálf, sama hversu erfið þau voru, og þurfti engan staðgengil eða áhættuleikara í sinn stað. Aðstandendur myndarinnar voru yfir sig hrifnir af Ragnhildi Steinunni,

sem þótti sýna ótrúlega hæfileika við erfiðar aðstæður oft á tíðum.

Hlutverk Ragnhildar Steinunnar í *Astrópiu* minnir óneitanlega á bardagaþrúskona Xenu sem gerðin var af Lucy Lawless, var óvenju fjölhæf ævintýraþrúskona sem lumbraði á illmennunum vopnuð sverði.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ragnhildur Steinunn fer með aðalhlutverk í bíómynd en hún hefur þó reynt fyrir sér á sviði, bæði í söngleiknum *Fame* og *Kalla á þakinu*. Þá er hún alls ekki óvön því að vera fyrir framan sjónvarpsvélarnar enda einn af stjórndendum *Kastljóssins*.

Tökur á *Astrópiu* fóru fram síðasta sumar en með aðalhlutverkum, ásamt Ragnhildi Steinunni, fara þeir Snorri Engilbertsson og Ómar Örn Hauksson, fyrrverandi meðlimur Quarashi. Meðal annarra leikara eru Davíð Þór Jónsson, Steinn Ármann Magnússon, Halldór Magnússon, Sveppi, Pétur Jóhann og Sara Guðmundsdóttir.

Sýnishorn úr myndinni má finna á slóðinni: <http://www.kisi.is/home/Films/DorksDamsels/Trailer>.

TOLLI FLÝGUR UM Á ELDRAUÐUM FÁKI

Margir kallar á mínum aldri fá sér Harley Davidson. Ég vil hins vegar ekki fara í þessar aðstæður sem þessir gæjar fara í," segir listamaðurinn Tolli Morthens sem fyrir skömmu keypti sér nýtt fjallahjól og það af bestu gerð. Hjólið er af gerðinni Trek Elite XC 9.9 og er eldraut að lit. Sjálfur lýsir Tolli hjólinu sem vængjuðum fáki. Hjólið kostaði líka sitt. Ásett verð í Erninum er tæpar 600 þúsund krónur. „Það er rosalega gaman að fara út að hjóla þegar þú átt gott hjól. Nú er ég á þeim aldri að geta leyft mér þann munað að kaupa besta hjólið í búðinni. En þú þarft að vera tilbúinn að streða og leggja fyrir í hálföld," segir Tolli, sem veit hvað hann syngur þegar fjallahjól eru annars vegar.

Hlutskipti Tolla og Bubba bróður hans eru ólík. Tolli fékk sér nýtt fjallahjól en Bubbi nýjan jeppa – farartæki sem kostar um sjö og hálf



Tolli og vængjaði fákurinn Trek-hjólið hans Tolla er af bestu gerð og kostar tæpar 600 þúsund krónur.

milljón króna. „Bubbi er nú samt gamall hjólamaður. Hann var mjög öflugur hjólamaður á sínum tíma og var fyrirmynd yngri manna," segir Tolli,



sem sjálfur notar hjálm. „Svona gamlir kallar eins og ég verða að sýna unga fólkinu að við notum líka hjálma.“

**LÉTT
BYLGJAN**
967

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

Mikilvægasta líffæri mannsins

tómstunda- og félagsmálafræði

grunnskólakennarafræði

íþrótt- og heilsufræði

sérkennslufræði

leikskólakennarafræði

menntunarfræði

þroskþjálf- og fötlunarfræði

kennsluréttindánám

stjórnunarfræði menntastofnana

>> Grunnám

B.Ed. nám í grunnskólakennarafræði
B.Ed. nám í leikskólakennarafræði
B.Ed. nám í íþróttfræði
B.S. nám í íþróttfræði
B.A. nám í þroskþjálffræði
B.A. nám í tómstunda- og félagsmálafræði
Kennsluréttindánám

>> Framhaldsnám

M.Ed. nám í menntunarfræði
M.Ed. nám í stjórnunarfræði menntastofnana
M.Ed. nám í sérkennslufræði
M.Ed. nám í íþrótt- og heilsufræði
M.Ed. nám í þroskþjálf- og fötlunarfræði
M.Ed. nám í tómstunda- og félagsmálafræði
M.A. nám í menntunarfræði
M.S. nám í íþrótt- og heilsufræði
Ph.D. nám í menntunarfræði
Kennsluréttindánám

Heilinn er mikilvægasta líffæri mannsins

Taktu þátt í uppbyggingu hans og hafðu áhrif á hugmyndir, hugsjónir, skoðanir og viðhorf næstu kynslóða. Með því að sækja um í Kennaraháskólanum gætir þú öðlast þau forréttindi að fá að laða það besta fram í fólki og nauðsynlegt er að til þess veljist hæfileikaríkir einstaklingar.

Umsóknarfrestur um grunnám er til 5. júní
Hægt er að sækja um rafrænt á www.khi.is



Kennaraháskóli Íslands
sími 563 3800 www.khi.is

fréttir

■ Heyrst hefur



Lalli logsuða

Lárus Welding, nýráðinn bankastjóri hjá Glitni, hafði ekki verið lengi í hinu nýja starfi þegar kollegar hans hjá bankanum fóru að uppnefna hann. Welding, hið völduga eftirnafn Lárusar, getur jú merkt logsuða á erlendri tungu og því hefur bankastjórinn ungi verið kallaður Lalli logsuða af samstarfsfólki sínu.



Dáni kveður klakann

Sjónvarpsmaðurinn geðþekki Hálfán Steinþórsson mun brátt kveða land og þjóð en hann hyggur á nám í fjölmiðla- og markaðsfræði við Háskólann í Árósum næsta vetur. Hálfán, sem er fyrrverandi umsjónarmaður Veggfóðurs, Landsins snjallasta og Djúpu laugarinnar, flytur á næstu vikum til Danaveldis ásamt unnustu sinni, Erlu Björnsdóttur, og strákunum þeirra tveimur.

LANDSÍMAGJALDKERINN SVEINBJÖRN KRISTJÁNSSON HEFUR HAFIÐ NÝTT LÍF:

FJÁRMÁLARÁÐGJAFI VIÐ HÓTEL Í PRAG

Sveinbjörn Kristjánsson, sem dæmdur var í fjögurra og hálfis árs fangelsi árið 2004 fyrir rétt rúmlega 260 milljóna króna þjófnað úr sjóðum Landssímans á árunum 1999 til 2002, hefur lokið afplánun sinni á Litla-Hrauni og er frjáls maður. Sveinbjörn er fluttur til Prag í Tékklandi þar sem hann starfar sem fjármálaráðgjafi fyrir hótélkeðjuna Key Hotels sem er í eigu Valdimars Jónssonar, sem oft er kenndur við Valhöll.

Sveinbjörn lauk afplánun nú í byrjun árs og var ekki lengi að fá vinnu. Hann fór til Prag og hefur gengið allt í haginn þar. Starfsfólk Key Hotels sem Sirkus ræddi við ber Sveinbirni afar vel söguna en ekki náðist í Sveinbjörn þar sem hann er í fríi.

Key Hotels rekur nú tvö hótél í Prag, þriggja stjörnu hótelið Express by Holiday Inn City Centre Prague og fjögurra stjörnu hótelið Hotel Crowne Plaza Prague Castle sem var opnað nú í vor. Jafnframt er á teikniborðinu hótél sem rísa á í Bratislava á næsta ári.

Mikill hugur er í forsvarsmönnum Key Hotels og segir Valdimar Jónsson, forstjóri og aðaleigandi, á heimasíðu hótélkeðjunnar að stefnan sé að bjóða upp á fimm þúsund herbergi árið 2015. Ljóst má vera að aðkoma Sveinbjörns að



hótélkeðjunni er liður í því að efla innri starfsemi.

Eins og áður sagði var Sveinbjörn dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi. Hann hóf afplánun á Litla-Hrauni en fékk sig fluttan á Sólheima í Grímsnesi vegna góðrar hegðunar. Þar varð hann fyrir því óláni að vera tekinn ölvaður undir stýri síðasta sumar og var í kjölfarið sendur aftur á Litla-Hraun. Þetta atvik hafði þó ekki áhrif á afplánun Sveinbjörns, sem hann lauk nú í byrjun árs.

oskar@frettbladid.is

NÝTT LÍF Í PRAG Sveinbjörn Kristjánsson hefur lokið afplánun og er nú að hefja nýtt líf í Prag, höfuðborg Tékklands. Þar mun hann starfa fyrir fjögurra stjörnu hótelið Hotel Crowne Plaza Prague Castle, flaggskip Key Hotels-keðjunnar.



LAUNAGLEÐI

Taktu þátt í Launagleði SPRON!

Leggðu inn sumarlaunin þín á reikning hjá SPRON, skráðu þig á spron.is eða snilld.is og þú færð biókort í Sambíóin.*

Í lok ágúst fá 10 heppnir þátttakendur í Launagleðinni 20.000 kr. gjafabréf sem hægt er að velja úr einni af eftirtöldum verslunum: BT, Eymundsson eða NTC (Deres, Sautján, Smash og Retro).

Vertu með í gleðinni.

Kynntu þér málið frekar í síma 550-1400, í næsta útibúi eða á spron.is

75 ára | spron

Eybór Arnalds léttist um þrettán kíló á einu ári

Eybór Arnalds hefur verið í stífu heilsuátaki sem tekið hefur verið eftir. Hann hefur sjaldan eða aldrei verið í jafn góðu formi. Var 86 kíló þegar hann var þungstur en er kominn niður í 73. Og það á aðeins tólf mánuðum.

„Það er kannski ekki aðalatriðið að vera sem léttastur heldur vera í góðu formi“, segir Eybór, sem hefur æft af krafti í World Class Laugum. „Markmiðið er að losna við fituna og komast í gott form. Ég verð að hrósa honum Bjössu í World Class því það er svo gaman í ræktinni hjá honum. Hann mætti gjarnan opna World Class víðar, til dæmis á Selfossi“, segir Eybór hlæjandi enda búsettur í Hreiðurborg í dreifbýli Selfoss.

Eybór segist ekki hafa verið í lélegu formi áður fyrr en það hafi ekki verið nógu gott. „Ég æfi bara því meira því eldri sem ég verð. Ég heyrði eitt sinn þá sögu að gamall maður hefði sagt við Arnold Schwarzenegger að hann væri orðinn of gamall til að lyfta. Schwarzenegger svaraði því til: „Nei, þú ert of gamall til að lyfta ekki.“ Ég held að þessi saga sé ágæt áminning.“

Eybór segir líkamsþyngdina ekki skipta mestu máli. „Vigtin er eitt en hvað er í þessum klóum skiptir líka máli. Mér finnst lyftingar vera mikilvæg hreyfing“, segir Eybór.



Í KOSNINGABARÁTTUNNI Hér sést Eybór ásamt Þórunni Jónu Hauksdóttur á kosningavöku fyrir sveitastjórnarkosningarnar í Árborg.

„Okkar vandamál er velmegunarvandamál. Við söfnum bumbu undir skrifborðinu.“

Eybór reynir að lyfta sex sinnum í viku og hleypur fimm kílómetra á dag, bæði í höfuðborginni og í sveitinni. „Fimm kílómetrar eru ósköp hæfileg vegalengd. Það er langskemmtilegast að hlaupa úti en það er ekki alltaf veður til þess“, segir Eybór Arnalds, stæltari en nokkru sinni fyrr.



Í FANTAFORMI Eybór Arnalds telur að lykilatriðið í því að halda orku sé að vera í góðu formi og reyna á sig. „Fólk hleður í raun batteriinn þegar það reynir á sig“, segir Eybór Arnalds.

SIRKUSMYND/VILHELM



Viltu gera eitthvað fjölbreytt, nýtt og spennandi?



Síðustu framleiðslustörfin í boði

Fjölbreytt og örugg störf

Starfsmenn Fjarðaáls er nú orðnir um 300 og álframleiðsla er hafin. Okkur vantar fleiri starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Verkefni hvers starfsmanns eru fjölbreytt. Störfin felast meðal annars í stjórnun tækja og framleiðsluferfa í tæknivæddu umhverfi. Mikil áhersla er lögð á öryggi og góða umgengni.

Góð launakjör

Unnið er á vöktum í sjálfstýrðum teyllum. Laun eru greidd samkvæmt vinnustaðarsamningi Alcoa Fjarðaáls og Afls - Starfsgreinafélags Austurlands. Samninginn er hægt er að nálgast á alcoa.is. Boðið er upp á akstur til og frá vinnu og eina heita máltíð á dag.

Þjálfun og starfsþróun

Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

Jafnrétti og velferð

Fjarðaál á að styðja öflugt og fjölskylduvænt samfélag. Stefnt er að jöfnu kynjahlutfalli og góðri aldursdreifingu starfsmanna. Álverið er hannað þannig að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna Fjarðaáls. Starfsmenn fá líkamsræktarstyrk og hafa aðgang að öflugri velferðarþjónustu.

Umsóknarfrestur er til 27. maí.

Viðkomandi munu hefja störf á næstu fimm mánuðum.

Verkefnisstjóri skjalastjórnunar

Starfið felst í þróun, uppsetningu og innleiðingu á rafrænu skjalastjórnunarkerfi og umsjón með þjálfun starfsfólks í notkun kerfisins. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á rafrænni skjalastjórnun ásamt góðum stjórnunar- og samskiptahæfileikum. Krafið er háskólamenntunar sem nýttist í starfi og menntun í upplýsingatækni er góður kostur.

Ráðið er í starfið til 18 mánaða með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Umsóknarfrestur er til 3. júní.

Aðstoð á rannsóknastofu

Skemmtilegt og fjölbreytt starf í 12 mánuði fyrir áhugasaman einstakling sem er tilbúinn að takast á við ýmis verkefni, undirbúning sýna og fleiri rannsóknastörf.

Engrar sérstakrar menntunar er krafist en æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af rannsóknastörfum eða annarri nákvæmnisvinnu. Samvisskusemi, heiðarleiki og gott viðmót eru áskilin.

Umsóknarfrestur er til 3. júní.



Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru. Hátt í þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Sveitarfélögin á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Fjarðaál aðstoðar þá starfsmenn sem flytjast inn á svæðið.



Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á capacent.is (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.

EMBLA SIGRÍÐUR GRÉTARSDÓTTIR KNATTSPYRNUKONA HEFUR GAMAN AF FLOTTUM FÖTUM.

EINFALDUR EN TÖFF STÍLL



LOPAPEYSA FRÁ ÖMMU „Amma mín, Sigríður Lafði, þrjónaði lopapeysuna. Mér þykir vænt um þessa peysu enda er hún rosalega hly og tákn um fallega gamaldags íslenska hönnun.“

Ég var voðalega mikið íþróttanórd þegar ég var unglingur og barn og fór ekki að spá í tísku fyrr en ég varð 15 eða 16 ára,” segir Embla Sigríður Grétarsdóttir knattspyrnukona og viðurkennir að hún hafi gengið í íþróttagöllum og öðrum þægilegum fatnaði fram eftir aldri. „Í dag er stíllinn minn frekar einfaldur en ég geng aðallega í gallabuxum og bolum og fötum sem mér finnst töff. Ég elti stundum tiskubylgjurnar en er líka óhrædd að ganga í því sem mér finnst flott. Annars er ég ekki snobbuð og finnst lítið mál að láta sjá mig í íþróttafötum og gæti alveg farið þannig klædd í Kríngluna,” segir Embla, sem aðallega kaupir sín föt erlendis enda þykir henni skemmtilegast að eiga föt sem aðrir eiga ekki. Kærastinn hennar,

fötin mín

körfuboltamaðurinn Jón Arnór Stefánsson, býr á Ítalíu og Embla er dugleg að heimsækja hann og kíkja í búðir í leiðinni. „Megnið af fötunum mínum sem ég klæðist á myndunum var keypt þegar ég fór að heimsækja hann,” segir hún og bætir við að Jón Arnór fylgist sjálfur vel með tiskunni. „Hann er miklu meiri tiskulögga en ég nokkurn tímann og það er hann sem er alltaf að dressa mig upp frekar en á hinn veginn,” segir Embla hlæjandi.

indiana@frettabladid.is



UPPÁHALDSBUXURNAR „Þetta eru upphaldsbuxurnar mínar en ég keypti þær í Valencia á Spáni. Skyrtnan er frá Róm en þar var ég fyrir þremur vikum að hitta kærastann minn. Skórnir eru rúsinan í pylsuendanum. Þeir eru frekar háir og henta ekki við öll tækifæri en mér finnst þeir rosalega töff.“



GRÆNN KJÓLL OG GULLSKÓR „Kjólinn er Diesel-kjól sem ég fékk í Róm og var hugsaður fyrir fermingu litlu systur minnar. Skóna fékk ég í Bandaríkjunum í búð sem heitir Aldo á spottprís, eða 25 dollara.“



JÓLAGJÖF MÖMMU „Pilsíð var keypt í Anas og var upphaflega hugsað sem ein af jólagjöfunum hennar mómmu til pabba. Pilsíð var hins vegar ekki til í hennar stærð svo pabbi laumaði því í pakkann minn þessi elska. Pilsíð er íslensk hönnun og ég er rosalega hrifin af því og mamma greyið er græn af öfund.“



EKTA EMBLA „Þetta áttítt lýsir mér rosalega vel, buxurnar eru Diesel en þær fékk ég í Róm og varð strax skotin þegar ég sá þær. Bolurinn er töff og í miklu upphaldi. Skóna fékk ég í Milanó á síðasta ári en ég nota þá hrikalega mikið enda henta þeir bæði við gallabuxur, kjóla og pils.“

KÖRFUBOLTA-STJARNNA Embla segir að kærastinn, Jón Arnór, sé enn meiri tiskulögga en hún.





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDI

Háskólinn á Akureyri býður upp á eftirtaldar námsleiðir til B.A. prófs í hug- og félagsvísindum:

- Fjölmiðlafræði
- Nútímafræði
- Samfélags- og hagþróunarfræði
- Sálfræði
- Þjóðfélagsfræði - Nýtt 2007

Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is

Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara
- Verkefnavinna – hópverkefni, einstaklingsverkefni og símat
- Alþjóðleg áhersla – góð tengsl við erlenda samstarfsháskóla
- Fjölbreytni - margir möguleikar að námi loknu

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ 2007



„Nemendur í fjölmiðlafræðinni koma víðs vegar að af landinu og eru skemmtileg blanda af hæfileikaríku fólki. Mín reynsla af þessu fólki er mjög jákvæð. Það er tilbúið að leggja á sig mikla vinnu, gera tilraunir og takast á við það ómögulega. Fréttaskrif, þáttagerð, kvikmyndun og klippivinna. Þetta eru nokkur stikkorð yfir þau verkefni sem þau þurfa að leysa. Ég er svo lánsöm að vinna nú við hlið nokkurra þeirra sem eru búin að ljúka náminu. Einkunnin sem þau fá sem starfsmenn er 13 af 10 mögulegum.“

Sigrún Stefánsdóttir
dagskrárstjóri Rásar 1 og Rásar 2

Skólabærinn Akureyri

- Frítt í strætó og engir stöðumælar
- Listasafnið og leikhúsið
- Hlíðarfjall og Akureyrarlaug
- Skautahöllin og Kjarnaskógur
- Flottar líkamsræktarstöðvar
- Veitingahús, kaffihús og skemmtistaðir

MEÐ GAMALMENNUM Á G-STRENG

Þjófóttir apar, beljur á gangbraut, gamalmenni á g-streng og jakkafataklætt fólk í vatnsrennibraut er meðal þess sem fjölmiðlakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir upplifði sem skiptinemi á Indlandi. Sigrún Ósk reynir að sigta minningarnar í samtali við Sirkus.

É g hef verið að reyna að gera það upp við mig hvernig ég eigi að lýsa þessari ferð. Gaman er að minnsta kosti ekki fyrsta orðið sem kemur upp. Það er til ofnotaður frasi sem segir að annaðhvort elskirðu Indland eða hatir það – ætli ferðin hjá mér hafi ekki verið blanda af hvoru tveggja,“ segir Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, fjölmiðlakona með meirum, sem er nýkomin heim frá Indlandi eftir hálfis árs dvöl. Sigrún Ósk stundar nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst og útskrifast þaðan í haust. Hún fór ásamt vinkonu sinni, Hlédís Sveinsdóttur, sem skiptinemi til borgarinnar Bangalore á Indlandi og það er óhætt að segja að það hafi verið mikil lífsreynsla.

„Við komum á gamlárskvöld og reiknuðum með því að þetta væri eins og í ekta Bollywood-mynd þar sem allir væru dansandi í búningum fram eftir nóttu. En þegar við mættum var nýbúið að taka Saddam Hussein af lífi og það voru talsverðar óeirðir í landinu. Okkur var því ekki óhætt úti. Það voru allir í fríi svo það kom í hlut húsvarðarinn í skólanum að taka á móti okkur. Hann talaði óskiljanlega ensku en læsti okkur inni yfir nóttina. Sem betur fer höfðum við tekið haframjöl með okkur að heiman svo við eyddum gamlárskvöldi í að éta þurrt haframjöl úr lófanum. Þetta var eiginlega byrjunin á því sem koma skyldi,“ segir Sigrún Ósk þegar hún rifjar upp þessa eftirminnilegu dvöl.

Ekki hægt að alhæfa um Indland

„Indland er stórkostlegt land sem er eiginlega frekar eins og heimsálfa en land. Mér finnst erfitt að tala um landið sem heild, enda er nánast ómögulegt að alhæfa um land þar sem er meira en milljarður íbúa og hefur jafn margar hliðar og Indland. Landinu er skipt í mörg fylki sem hvert hefur sína menningu, ættbálka, tungumál, landslag og dýralíf. Okkar niðurstaða var sú að gjaldmiðillinn væri það eina sem héldi þessu saman,“ segir Sigrún Ósk. „Á Indlandi er endalaust margt að sjá og gera. Það þarf hæfileika til að láta sér leiðast. Stundum sveið mann hálfpartinn í skilningarvitin af litadýrðinni, látunum, hitanum, menguninni og öllu hinu. Indverskur matur er líka guðdómlegur. Ég ætla samt ekki að þræta fyrir að þetta var erfitt á köflum.“

Sigrún Ósk og Hlédís lentu í ýmsum hremmingum, voru rændar, urðu fyrir stöðugu áreitni og gengu fram á lík á leið í skólann. Þeim var tjáð að slíkt væri ekki óalgengt. „Mikill fjöldi fólks bæði lifir og deyr á götum Indlands. Það er fjarstæðukennt að verða vitni að fólki deyja úr hungri í borg þar sem menn hafa ekki undan að byggja nýjar verslunarmiðstöðvar og stofna tölvufyrirtæki.“ Hvað áreitnið varðar segir Sigrún það hafa vanist. „Það er í raun ótrúlegt hverju maður venst. Það var til dæmis orðið daglegt brauð að standa við hliðina á beljum til að komast yfir gangbraut eða sjá fíla á vappi eftir þjóðveginum. Þá brutust apar ítrekað inn til okkar en þeir þykja algjör plága á Indlandi. Garðyrkjumaðurinn og húsvarðurinn skildu ekkert í því hversu erfiðlega gekk að losna við þá. Það hefur kannski haft sitt að segja að við vorum alltaf með knippi af banönum til að gefa þeim,“ segir Sigrún Ósk hlæjandi. „Við vorum ákveðnar í að gera tilraun til að spekja að minnsta kosti einn.“

Gáfu peninga fyrir lýtaaðgerð

Sigrún Ósk og Hlédís voru fyrstu skiptinemarnir í skólanum í Bangalore. Umgjörðin var því heldur losaraleg og framan af voru þær í hálfgerðu reiðileysi.

„Það var búið að lofa okkur húsnæði en við enduðum á að leigja okkur íbúð í mjög flottu húsi með samnemendum okkar. Húsin í kring voru allt frá glæsivillum niður í hús sem búið var að hnoða saman úr fötum, spýtum og plastpokum. Þetta var allt saman í einum graut. Fyrsta daginn í íbúðinni okkar valt inn til okkar kona, með slæðu bundna um andlitið, og var dóttir hennar með. Við héldum að þetta væri nágranninn kominn til að fá sér kaffisopa – svona eins og tíðkast heima. Þá settist hún á sófan hjá okkur og tók af sér slæðuna. Maðurinn hennar hafði kveikt í henni og hún var vægast sagt afskræmd í framan. Hún grét á sófanum hjá okkur og það okkur um peninga fyrir lýtaaðgerð. Við vissum ekkert hvað við áttum að gera, gáfum henni tvöföld mánaðarlaun þernunnar okkar en sáum hana aldrei aftur þrátt fyrir að hafa tekið af henni loforð um heimsókn að aðgerð lokinni,“ segir Sigrún Ósk.



Sigrún Ósk Kristjánsdóttir er nýkomin heim frá Indlandi þar sem hún dvaldi sem skiptinemi í borginni Bangalore. Þar kynntist hún ýmsum kynlegum kvistum.

SIRKUSMYND/ANTON



Í rottuhofi. Sigrún Ósk heimsótti rottuhof í eyðimerkurfylkinu Rajasthan á Norður-Indlandi. Indverjar trúa því að rottur séu forfeður þeirra endurfæddir. Af þeim sökum er komið fram við þær eins og kóngafólk.

Í jakkafötum í sundi

Sigrún Ósk ítrekar þó að Indland hafi óteljandi kosti sem geri gott betur en að veiga upp á móti göllumunum. „Mér finnst að það ætti að skylda fólk á Vesturlöndum til að heimsækja Indland og held að það sé margt öðruvísi við að vera ferðamaður þar en íbúi. Sem íbúi lendir þú til dæmis í þessu bilaða skrifafræði sem þar ríkir. Það getur tekið tólf daga að fá einn stimpil og við eyddum tveimur til þremur tímum á dag í meira en mánuð í að fá símanúmer,“ segir Sigrún og rifjar svo upp heldur skrautlega sundferð þeirra vinkvænna. „Í Bangalore er mjög litil stemning fyrir því að sýna of mikið hold. Við fórum í vatnsrennibrautagarð rétt utan við borgina og vorum farnar að hlakka til að geta verið á bikinínu í kæfandi hitanum. Það var svo bara fyrir tilviljun, þegar við vorum byrjaðar að strippa í búningasklefanum, að við sáum fullklætt en rennandi blautt fólk. Þá áttuðum við okkur á því að fólk fer allklætt í vatnið og sáum meðal annars mann í jakkafötum í einni rennibrautinni,“ segir Sigrún hlæjandi en þær stöllu ferðudust einnig til hippaparadísarinnar Goa sem er í átta tíma fjarlægð frá Bangalore. „Þar er allt annað uppi á teningnum, hippa-stemningin í algleymingi og ekki óalgengt að sjá átræð gamalmenni í g-streng.“

Enn að gera ævintýrið upp við sig

„Um leið og maður kemur heim hrúgar maður ósjálfrátt minningunum í sigti og loks sitja bara gullmolarnir eftir. Ég er enn að gera upp Indlandsævintýrið svona hægt og rólega. Ég hélt að ég væri ýmsu vön og var búin að lesa mér vel til áður en ég fór. En það er eitt að lesa og annað að upplifa,“ segir Sigrún Ósk.

„Það er til dæmis alveg sama hvað maður les mikið um stéttaskiptingu, það er engin leið að átta sig á þeim djúpstæðu rötum sem þetta kerfi hefur skotið og þeim víðtæku áhrifum sem það hefur. Það er ótrúlegt að horfa upp á svona lagskipt samfélag sem allir virðast sætta sig við. Í bílakjallara hússins okkar bjó til dæmis fjögurra manna fjölskylda sem tilheyrði þjónustuliði leigusálans. Fjölskyldunni hafði verið úthlutað hálfu blastæði til að búa á. Þetta er heppna fólk, þeir sem fá vinnu og hafa þak yfir höfuðið. Það þykir hin mesta góðmennska af ríka fólkinu að taka að sér stéttleysingja með þessum hætti og leyfa þeim að þjónusta sig,“ segir Sigrún Ósk.

Kosningaloforðarprump

„Við vorum að grínast með að við hefðum þurft að fara sjóleiðina heim til að ná aðeins áttum. Það er svo ótrúlegt að fljúga í örfáa tíma, borða þrjár máltíðir, horfa á nokkrar bíómyndir og vera svo komnar til London þar sem allt er einhvern veginn öðruvísi. Á flugvællinum stóðum við starandi í lyftunni, hálf aumar í sálinni og með logandi samviskubít yfir að hafa unnið í þessu fátæka ósannngjarna náttúru-lottói sem lífið er. Mitt í þessum djúpu hugleiðingum kom inn kona sem fór að forvitnast um hvar við hefðum verið. Við svörðum og fengum í andlitið spurningu sem við erum ítrekað búnar að fá síðan: „Vá, Indland! Grenntust þið?“ Við áttum ekki til orð. Þetta er það fyrsta sem fólk vill fá að vita; hvort við höfum ekki náð lit og getað horast eitthvað,“ segir Sigrún Ósk, sem kom heim rétt fyrir þingkosningar og brá við að lesa stefnuskrár flokkanna. „Ég fylltist náttúrulega heilagri reiði þegar ég sá loforðin. Fannst þau algjört prump,“ segir Sigrún og hlær. „Það eru varla neitt nema lúxusvandamál á Íslandi samanborið við Indland. Helst hefði ég viljað sjá einhvern flokkinn lofa því að gefa meira í þróunarmál. Íslendingar gefa einna minnst en eiga einna mest,“ segir Sigrún en bætir við: „Það versta er hvernig maður sogast aftur inn í hringiðuna og fer ósjálfrátt að froðufella af áreynslu í lífsgæðakapphlaupinu. Ég gleymdi mér í augnablik og stóð sjálfa mig að því, þegar ég var að lesa Hús og híbyli, að vera með grátstafinn í kverkunum yfir því að hafa ekki efni á að versla í Epal. Það er nú hálf sorglegt hvað samfélagið er gegnsýrt og við samdauna því.“

kristjan@frettaladid.is

25

RÍKUSTU ÍSLENDINGARNIR EIGA 1390 MILLJARÐA

Sirkus birtir í dag úttekt á 25 ríkustu Íslendingunum. Þar kemur í ljós að hreinar eignir þeirra eru um 1.390 milljarðar og enginn sem á minna en 20 milljarða skuldlaust á möguleika inn á listann. Fimm konur eru á listanum, tvennir feðgar, tvennir bræður. Elsti maðurinn á listanum er Jóhannes Jónsson, sem er 66 ára, en sá yngsti er sonur hans Jón Ásgeir sem varð 39 ára nú í janúar.

Árið 2001 gaf Pálmi Jónasson út bókina Íslenskir milljarðamæringar. Þá voru þeir fimmtíu talsins. Í dag skipta þeir að öllum líkindum hundruðum, á öllum aldri, af báðum kynjum. Á Íslandi í dag er fimmtán milljóna króna Range Rover mokað út í tugatali. Það er ekki flogið með Icelandair eða Iceland Express því allir eru á einkapötum og langi menn að slappa af er ekki farið í sumarbústað heldur á snekkjuna sem liggur í Karíbahafinu. Þetta er Ísland þar sem Björgvin Halldórsson hitar upp fyrir Elton John í afmælum. Þetta er Ísland þar sem upp er kominn hópur fólks sem endist aldrei ævin til að eyða þeim miklu auðævum sem það hefur safnað á undanförunum árum.

Það þarf ekki að koma á óvart að Björgólfur Thor Björgólfsson ber höfuð og herðar yfir aðra Íslendinga. Þessi fertugi viðskiptajöfur hefur efnast gífurlega á undanförunum átta

árum og meðal annars innleyst hagnað upp á rúmlega 100 milljarða undanfarið ár. Væri Forbes-listinn gefinn út í dag væri Björgólfur Thor væntanlega á meðal 160 ríkustu manna heims.

Og hlutirnir eru fljótir að gerast. Við vinnslu þessarar úttektar hækkuðu hlutabréf bræðranna Ágústars og Lýðs Guðmundssona í Exista um rúma tíu milljarða. Sú hækun er gott dæmi um þá gífurlegu verðmætaaukningu sem orðið hefur á eignum ríkustu manna landsins. Eign Björgólfsfeðga í Landsbankanum hefur hækkað úr 11 milljörðum í 170 milljarða á fimm árum. Baugsfjölskyldan byrjaði með milljón árið 1989 en á núna rúmlega 200 milljarða og svona mætti lengi telja.

En þótt flestir á listanum séu úr hópi útrásarvíkinganna eru inni á milli fulltrúar gamla tímans. Sægreifarnir Þorsteinn Már Baldvinsson og Kristján Vilhelmsson í Samherja og Guðmundur Kristjánsson í Brimi eru á listanum og minna okkur á að hafið er líka gjöfult þótt það hafi ekki gefið jafn mikið og fjármálamarkaðurinn undanfarið ár.

Við gerð þessarar úttektar var haft samband við fjölda fólks í viðskiptalífinu sem gjörþekkir þau sem hér eru til umfjöllunar. Flestir réttu hjálparhönd og eru þeim hér með færðar þakkir fyrir.

Oskar Hrafn Þorvaldsson



EIGNIR 25 RÍKUSTU ÍSLENDINGANNA

1390
MILLJARÐAR

MARKAÐSVIRÐI KAUPÞINGS 22. MAÍ 2007*

818
MILLJARÐAR

EINKANEYSLA HEIMILANNA 2006**

686
MILLJARÐAR

EIGNIR 5 RÍKUSTU ÍSLENDINGANNA

680
MILLJARÐAR

TEKJUR RÍKIS-SJÓÐS 2006**

395
MILLJARÐAR

EIGNIR BJÖRGÓLFSS THORS

315
MILLJARÐAR

88
MILLJARÐAR

ÚTGJÖLD TIL HEILBRIGÐISMÁLA 2006**

*HEIMILD: M5.IS
**HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS



25 RÍKUSTU ÍSLENDINGARNIR

22-25



Magnús Þorsteinsson (45)
20 milljarðar

Magnús lagði grunninn að auðæfum sínum í Rússlandi með Björgólfsfeðgum. Hann býr á Akureyri og er meiri sveitamaður en heimsborgari þrátt fyrir alla milljarðana.

22-25



Kristín Jóhannesdóttir (44)
20 milljarðar

Kristín er framkvæmdastjóri Gaums, sem er eignarhaldsfélag Baugsfjölskyldunnar. Hún hefur verið í lykhillutverki í örum vexti félaga sem tengjast Gaumi. Hún er á lausu.

22-25



Gunnþórunn Jónsdóttir (61)
20 milljarðar

Gunnþórunn er ekkja Óla Sigurðssonar í Olís. Það fer lítið fyrir henni en hún er enn öflugur fjárfestir ásamt börnum sínum, Jóni og Gabríelu, í fjárfestingarfélaginu Sund.

22-25



Þorsteinn M. Jónsson (44)
20 milljarðar

Vegur Þorsteins hefur vaxið gífurlega á undanförunum árum. Helstu eignir hans liggja í hlut fjárfestingarfélagins Materia, sem hann á ásamt Magnúsi Ármann og Kevin Stanford, í FL Group. Hann er einnig meirihlutaeigandi í Vífilfelli og á auk þess töluvert af hlutabréfum í fyrirtækjum á borð við Exista, Kaupþing, Byr og hollenska drykkjavöruvyrirtækinu Refresco. Þorsteinn nýtur mikillar virðingar viðskiptafélaga sinna og er stjórnarformaður í Glitni fyrir hönd FL Groups.



18-21

Frændurnir Þorsteinn Már Baldvinsson og Kristján Vilhelmsson hafa byggt upp útgerðarfélagið Samherja á Akureyri af mikilli kostgæfni frá stofnun þess. Þeir hafa unnið þétt saman allt frá því að Þorsteinn fann ryðdallinn Guðstein GK í Hafnarfjarðarhöfn árið 1983. Á rúmum tuttugu árum hefur það breyst í stórt alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki og hækkað í verði samkvæmt því. Þeir eru kannski þekktastir fyrir að vera nær ósýnilegir og berast lítið á. *



Kristján Vilhelmsson (52)
25 milljarðar

Stærsta eign: **Samherji**
35 milljarðar í gegnum rúmlega 40% hlut sinn

Þorsteinn M. Baldvinsson (54)
25 milljarðar

Stærsta eign: **Samherji**
35 milljarðar í gegnum rúmlega 40% hlut sinn

*Ur bókinni Íslenskir milljarðamaðringar.

18-21



Guðmundur Kristjánsson (46)
25 milljarðar

Guðmundur er aðaleigandi útgerðarfélagins Brims, sem vaxið hefur gífurlega á undanförunum árum. Guðmundur er umdeildur mjög enda maður sem lætur verkin tala.

18-21



Guðbjörg Matthíasdóttir (55)
25 milljarðar

Tryggingamiðstöðin 18,5 milljarðar í gegnum 44,5% hlut eignarhaldsfélaganna Kristins og Fram Ísfélag Vestmannaeyja 8 milljarðar

Guðbjörg er ekkja Sigurðar Einarssonar útgerðarmanns í Vestmannaeyjum sem lést langt fyrir aldur fram árið 2000, þá rétt liðlega fimmtugur. Það er óhætt að segja að Guðbjörg, sem er kennari að mennt og starfaði lengi sem slíkur, hafi tekið við góðu búi af manni sínum því Sigurður var afskaplega framsýnn og farsæll viðskiptamaður auk þess að hann skildi eftir sig Ísfélag Vestmannaeyja, sem hefur verið rekið með góðum árangri undanfarin ár. Sigurður keypti hlutabréf í Tryggingamiðstöðinni árið 1996 og þau bréf eru nú stærsta eign Guðbjargar. Margir hafa reynt að kaupa hlut hennar í tryggingafélaginu en hún hefur hingað til neitað að selja. Það er óhætt að segja að þrátt fyrir að Guðbjörg hafi lengi verið ein ríkasta kona landsins hafi lítið borið á henni. Hún býr til að mynda í blokkaribúð við Boðagrandu í Vesturbæ Reykjavíkur. Og ekki hefur hún verið áberandi í fjölmiðlum því hún er feimin og veitir aldrei viðtöl þótt oft hafi verið sóst eftir því.

16-17



Jóhannes Kristinsson (58)
30 milljarðar

Jóhannes er viðskiptafélagi Pálma Haraldssonar í Fons. Hann býr í Lúxemborg og hefur verið umsvifamikil í uppkaupum á jörðum með laxveiðiréttindi á Austurlandi.

16-17



Ingibjörg Pálmadóttir (46)
30 milljarðar

Baugur Group 26 milljarðar í gegnum 8% hlut Eignarhaldsfélagsins ISP
Fasteignaf. Stoðir 12 milljarðar í gegnum 17,6% hlut Eignarhaldsdélagsins ISP

Ingibjörg er menntaður innanhússhönnuður sem erfði, líkt og systkini hennar, Sigurður Pálmi, Jón og Lilja, fúlgur fjár eftir föður sinn Pálma í Hagkaup. Munurinn á Ingibjörgu og hinum er hins vegar sá að hún hefur margfaldað auð sinn á skömmum tíma og er það ekki síst að þakka því að hún hefur fjárfest í fyrirtækjum sem eru tengd sambýlismanni hennar Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Ingibjörg hannaði og á Hótel 101 og rekur einnig listagallerí á Hverfisgötunni. Hún á tvö hús á Sóleyjargötu sem eru samtals um 900 fermetrar.



15



*Viðtal í Morgunblaðinu 2001

Gísli Þór Reynisson (41)
35 milljarðar

Gísli Þór Reynisson sá aldrei fyrir sér þegar hann var við nám í fjármálafræði og tölræði í Finnlandi fyrir um fimmtán árum að leiðir hans ættu eftir að liggja inn á veg viðskipta. Hans hugur stefndi til kennslu og rannsókna en eftir að hann fékk smjörþefinn af fjármálaumhverfinu í Austur-Evrópu varð ekki aftur snúið. Hann stofnaði Nordic Industries árið 1996 og síðan þá hefur vöxturinn verið ævintýralegur, sérstaklega í Lettlandi og öðrum Eystrasaltslöndum. Í dag á hann meirihluta í fyrirtækinu Nordic Partners sem á meðal annars gífurlega stóra iðn- og skrifstofugarða í Riga, höfuðborg Lettlands, hinum Eystrasaltslöndunum og Póllandi sem telja 500-600 þúsund fermetra. Auk þess á Nordic Partners mjög stór drykkjarframleiðslu- og matvælfyrirtæki sem og einkapotflugfélagið Ice Jet og gríðarstóra timburvinnslu. *



Verum sem mest úti í sumar.

Garðhúsgögn sem
henta fyrir öll tækifæri.

Sófar, stólar, borð og endalaust
úrval af falletgri smávöru.

Lagersala Habitat er í fullum
gangi á efra bílplaninu

Fáðu meira í sumar

50 til 80% afsláttur

habitat 

Opið alla daga vikunnar.

Askalind 1.
Sími 568 9700.

25 RÍKUSTU ÍSLENDINGARNIR

13-14



Pálmi Haraldsson (47)
40 milljarðar

Pálmi á meirihluta í Fons, sem hefur verið áberandi í viðskiptalífinu. Fjárfestingar erlendis hafa skilað gífurlegum hagnaði fyrir þennan högværa og snjalla viðskiptamann.

13-14



Magnús Kristinsson (56)
40 milljarðar

Magnús malar bara gull þessa dagana. Hann seldi hlutabréf sín í Straumi-Burðarási í fyrra með gríðarlegum hagnaði. Hann heldur heimili bæði í Reykjavík og Eyjum.

11-12



Steingrímur Wernersson (41)
42,5 milljarðar

Steingrímur, sem er lyfjafræðingur að mennt, hefur ekki farið varhluta af frábæru gengi fjárfestingarfélagsins Milestone að undanfögnu. Peningarnir rúlla hreinlega inn á reikninginn.

11-12



Hannes Smárason (39)
42,5 milljarðar

Hannes er sá sem efnast hraðast af þeim sem eru á þessum lista. Hann varð ekki þátttakandi í viðskiptalífinu af neinni alvöru fyrr en síðla árs 2003 þegar hann keypti hlut í Flugleiðum. Síðan þá hefur vöxtur félagsins, sem nú heitir FL Group, verið ævintýri líkastur. Hann þykir með snjallari mönnum í íslensku viðskiptalífi og afskaplega djarfur og snöggur og hugsá. Hannes elskar líka bíla eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan.




10



Jón Helgi Guðmundsson (60)
45 milljarðar

Jón Helgi byggði upp veldi sitt í Byko og er í raun eini samkeppnisaðilinn við Baug í smásölu í gegnum Kaupás. Hann er umsvifamikill í Lettlandi og þá sérstaklega í timburframleiðslu, sem hefur fært honum mikinn auð.

8-9



Jóhannes Jónsson (64)
50 milljarðar

Jóhannes, sem er einn kenndur við Bónus, byrjaði með eina milljón og eina Bónusbúð árið 1989. Síðan þá hefur töluvert mikið vatn runnið til sjávar. Grunnurinn sem Jóhannes lagði í fyrir átján árum er orðinn að risastóru alþjóðlegu fyrirtæki, Baugur Group, sem teygir anga sína bæði til Bretlands og Danmerkur. Jóhannes getur nú leyft sér að njóta afraksturs ævistarfsins enda er rekstur Baugs í fyrirtaks höndum sonar hans, Jóns Ásgeirs.



VISSIR ÞÚ AÐ... Jóhannes heldur heimili bæði á Seltjarnarnesi og á Akureyri. Reyndar stendur hann í stórræðum á Akureyri þar sem hann er að byggja eitt stærsta hús bæjarins.

8-9

Ása Karen Ásgeirsdóttir (64)
50 milljarðar

Ása Karen er ríkasta kona landsins. Hún er fyrrverandi eiginkona Jóhannesar í Bónus og móðir Jóns Ásgeirs og Kristínar. Hún hefur séð um uppgjörin hjá Bónus frá upphafi og gerir enn.



VISSIR ÞÚ AÐ... Ása Karen á íbúð á sömu hæð og athafnamaðurinn Sindri Sindrason í Skuggahverfinu. Svo skemmtilega vill til að sonur hans og alnafni er talsmaður Jóns Ásgeirs sonar Ásu Karenar.

7



Ólafur Ólafsson (50)
60 milljarðar

Ólafur hafði órugglega eini á því að fá Elton John til að spila í frumtugsafmælinu sínu í janúar. Búnaðarbarkahúsið hans frá árinu 2002 hefur vaxið gífurlega. Hann er með byrflugmannspróf og á byrflu sjálfur sem hann flýgur oft.

6

Karl Wernersson (44)
65 milljarðar

Hafi einhver efast um hæfni Karls sem kaupsýslumanns þá hefur þetta ár fært sönnur fyrir því að hann er eitursnjall í viðskiptum. Hann er heilinn á bak við fjölskyldufyrirtækið Milestone sem hefur vaxið hratt og skilað miklum hagnaði. Helstu eignir Milestone eru Sjóvá, sænski tryggingabankinn Invik og hlutir í Actavis og Glitni.


VISSIR ÞÚ AÐ... Karl á kraftmesta Hummer landsins, með 650 hestöfl undir húddinu.



Hin sívinsæla Rán er komin í sumarútgáfu

Við kynnum Rán Light, léttan barnafatnað sem er vatnsheldur, ófóðraður og andar vel.

Rán light byggir á Rán fatnaðinum sem var svo vinsæll hjá okkur í vetur.



Verð:

Jakki 5.500

Buxur 3.700

Fæst í gráu, appelsínugulu og svörtu.

66°
NORÐUR

HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ:
Smáralind
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12
Miðhraun 11, Garðabæ
AKUREYRI:
Glerárgata 32

www.66north.is

Heimspeki + Hagfræði + Stjórn málafræði = HHS

Þreföld þekking, þrefaldir möguleikar

HHS – heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði

Félagsvísindadeild býður upp á grunnám til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS). Þetta þrískipta nám á sér fyrirmynd í Oxford háskóla í Englandi og er vel þekkt í enskumælandi löndum undir skammstöfuninni PPE (Philosophy, Politics and Economics).

HHS er traust grunnám sem býr einstaklinga undir margvísleg störf á íslenskum og alþjóðlegum vinnu-markaði. Samsetning námsins tryggir víðari sýn og skarpari greiningartæki en nokkur greinanna þriggja getur veitt ein og sér.

Umsóknafrestur í grunnám er til 10. júní 2007

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

25 RÍKUSTU ÍSLENDINGARNIR

4-5

Lýður Guðmundsson (39) 80 milljarðar

Bakkabræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssonir eru samheldnir. Og þeir virðast vera afar klókir. Þeir byggðu upp veldi sitt í Bakkavör, pínulitlu fyrirtæki sem þeir stofnuðu fyrir rúmum tuttugu árum. Í dag er fyrirtækið leiðandi bæði í framleiðslu og sölu á ferskum tilbúnum fiskréttum í Bretlandi. Vöxturinn hefur verið gífurlegur og það skaðar þá bræður ekki að hafa verið með í Kaupþingsævintýrinu frá upphafi. Bankinn hefur stækkað hratt og virði hlutabréfa Bakkabræðra hækkað mikið. Í dag eru nær allar eigur þeirra bræðra í Bakkabrædur Holding sem á

Ágúst Guðmundsson (43) 80 milljarðar

rúmlega 45% hlut í fjárfestingarfélaginu Exista. Sá hlutur hefur hækkað verulega undanfarna daga og er nú 174 milljarða króna virði. Þeir bræður skipta öllu jafnt í dag líkt og þeir hafa gert frá því að þeir hófu að stunda viðskipti. Það er líkt með þeim að þeir vilja láta lítið fyrir sér fara. Báðir eru þeir sagðir miklir fjölskyldumenn sem vilja frekar eyða frítíma sínum með eiginkonum og börnum en í skemmtireisum um heiminn. Þessi ágætu herra menn hoppuðu upp um 50 sæti á lista The Sunday Times yfir ríkustu menn Bretlands og eru varla hættir.



VISSIR ÞÚ AÐ....Lýður ekur eingöngu um á bilaleigubílum hér á Íslandi, frá bilaleigunni Geysi í Reykjanesbæ.

VISSIR ÞÚ AÐ... Ágúst er með athvarf í fjölbylishúsi við Lækjargötu þegar hann dvelur hér á landi og er ekki með færri en þrjú stæði í bilageymslunni.

3

Jón Ásgeir Jóhannesson (39) 100 milljarðar

Jón Ásgeir er maðurinn á bak við Baugsveldið. Hann er ekki langskólagenginn en kláraði þó Verzlunarskólann áður en hann stofnaði Bónus með Jóhannesi föður sínum árið 1989. Síðan þá hefur uppgangur hans og fjölskyldu hans verið með hreinustu ólíkindum. Jón Ásgeir hefur fyrir löngu skipað sér í hóp með snjöllustu kaupþýslumönnum landsins og það er sagt um að hann og Sigurð Einarsson, starfandi stjórnarformann Kaupþings, að þeir séu þeir tveir menn sem hafi gert flesta Íslendinga að margföldum milljarðamæringum. Jón Ásgeir var valinn þriðji valdamesti maðurinn í smásöluheiminum í Bretlandi á dögum og segir það til um styrk hans. Jón Ásgeir elskar hreinlega bíla og safnar þeim eins og margir aðrir safna DVD-diskum. Hann er sérstaklega hrifinn af Range Rover-bífreiðum og á í það minnsta þrjár hér á landi auk þess sem sést hefur til hans á slíkum bílum bæði í Bretlandi og í Danmörku. Nýjasta viðbótin í Range Rover-flotann er hvít, af dýrustu gerð. Og hann kann að njóta lífsins. Frægt er orðið þegar hann og Ingibjörg Pálmadóttir sambýliskona hans keyptu tvær rándýrar íbúðir á besta stað í New York fyrir milljarð.



2

Björgólfur Guðmundsson (66) 105 milljarðar



Björgólfur Guðmundsson (66) 105 milljarðar

Björgólfur eldri er dæmi um mann sem skrapaði botninn eftir Hafskipsmálið en reis síðan úr öskustónni. Og því lík upprisa. Lítil gosdrykkjaframleiðsluvél varð að 40 milljörðum í Rússlandi og síðan hefur leiðin eingöngu legið upp á við. Allt sem hann og sonur hans hafa snert hefur orðið að gulli, í tilfelli föðurins þó sérstaklega Landsbankinn þar sem hlutur þeirra sem keyptur var á 10,7 milljarða hefur vaxið upp í 170 milljarða á tæpum fimm árum. Björgólfi hefur tekist það sem fáum öðrum hefur tekist. Hann er moldrikur, veit í rauninni ekki aura sinna tal, en er samt sem áður afar vinsæll. Hann hefur sennilega eytt meiri tíma á undanföllum árum í að styrkja gott málefni heldur en að reka Landsbankann og nýtur mikilla vinsælda fyrir vikið. Hann er með ólákandi fótboltadellu og eftir að hafa stutt við bakið á sínum mönnum í KR í nokkur ár lét hann það eftir sér að kaupa enska úrvalsdeildarliðið West Ham fyrir 14 milljarða seint á síðasta ári. Þótt lokatakmarkið sé auðvitað að græða á þessum kaupum er félagið fyrst og fremst áhugamál hjá Björgólfi. Að vísu kannski svolítið dýrt áhugamál en ef þú spilar ekki golf og átt 100 milljarða þá skipta nokkrir milljarðar til eða frá engu máli. Í það minnsta á meðan það er gaman.

1



Björgólfur Thor Björgólfsson (40) 315 milljarðar

Björgólfur Thor er langrikasti kaupþýslumaður, sem hélt upp á afmælið sitt á Jamaíka, á skútuna The Parsifal og einkapotu upp á milljarð, hefur efnast hratt á undanföllum árum. Hann fór til að mynda upp um rúm hundrað sæti á milli ára á lista bandaríska fjármálatimaritsins Forbes yfir ríkustu menn heims og situr þar í 249. sæti. Á sama tíma stókk hann upp um sjö sæti, úr 30. sæti í það 23., á lista The Sunday Times yfir ríkustu menn Bretlands. Á báðum listunum voru eignir hans metnar rétt yfir 250 milljarða. Í dag er hann hins vegar búinn að bæta verulega við sig. Eftir að

hann seldi 85% hlut sinn í búlgarska fjarskiptafyrirtækinu BTC með 60 milljarða króna hagnaði nema hreinar eignir hans um 315 milljörðum. Björgólfur Thor lagði grunninn að ríkidæmi sínu í Rússlandi á tíunda áratug síðustu aldar. Gosdrykkja- og bjórframleiðsla undir merkjum Bravo í St. Pétursborg skilaði honum, Björgólfi föður hans og Magnúsi Þorsteinssyni um 40 milljörðum árið 2002 þegar Heineken keypi verksmiðjur þeirra og vörumerki. Þegar heim var komið keyptu feðgarnir rúmlega 45% hlut í Landsbankanum fyrir 11 milljarða, sem verða að teljast ansi góð kaup þegar haft er í huga að

nú fimm árum seinna er hlutur þeirra metinn á rúmlega 160 milljarða. Feðgarnir eiga einnig stóran hlut í fjárfestingarbankanum Straumi-Burðarási en vegur hans hefur vaxið mikið á undanföllum árum. Lyfjabransinn hefur líka reynst Björgólfi gjöfull. Hann keypti hlut í búlgarska lyfjafyrirtækinu Balkanpharma árið 1999 sem og hinu íslenska Pharmaco. Þessi tvö fyrirtæki ásamt Delta runnu síðan saman í Actavis, sem er eitt af stærstu samheitalyfjafyrirtækjum heims. Björgólfi Thor á nú rétt tæplega 35% hlut í fyrirtækinu sem metinn er á 102 milljarða og hefur lýst yfir áhuga sínum á því að gera öðrum hluthöfum yfirtökuútlitboð. Og hafi lyfjabransinn verið Björgólfi góður þá er það þó í fjarskiptaheiminum sem hann hefur grætt mest af öllu. Hann eignaðist 85% hlut í búlgarska símafyrirtækinu BTC og seldi hann með 60 milljarða króna hagnaði ekki alls fyrir löngu. Í fyrra seldi hann hlut sinn í tékkneska símafyrirtækinu CRa með 50 milljarða króna hagnaði. Hann á auk þess hluti í fjarskiptafyrirtækjunum Elisa í Finnlandi, Netia og P4 í Póllandi og Forthnet í Grikklandi. Miðað við ganginn á Björgólfi Thor hingað til má búast við því að hann sé ekki hættur. Hvar sem hann stigur niður fæti breytist grjótt í gull. Eina spurningin sem spurt er að nú er hversu lengi hann verður að eignast 500 milljarða?

Mótaðu framtíð Íslands

Vá Kennaraháskóla Íslands eru nemendur þínir undir leiðtoga- og stjórnunartörf.

Nám við Kennaraháskólann veitir starfsmenntun d sviði kennsku, uppléðis og umönnunar og er einnig góður undirbúningur fyrir margvegleg önnur starf.

Kennaraháskólinn er leiðandi á sviði þekknisá og um heimsins nemendastærstær fjármátt.

Í námi við Kennaraháskóla Íslands er fjöldi almenns á tengsl við vinnuáhrifa og starfshættir, rannsóknir, skiptur og miðun.

Útsóknarfrættar um grunnnámið er til **5. júní**

K Kennaraháskóli Íslands sími 563 3800 www.khi.is



Róbert Bjarni Bjarnason er 19 ára.
Hann varð stúdent 2005 og lauk
flugmannsprófi frá Oxford Aviation
Training nýlega. Hann hefur nú hafið
störf sem flugmaður hjá einu stærsta
flugfélagi Evrópu, Ryanair.



Margrét Kara Sturludóttir er 17 ára.
Hún er að ljúka stúdentsprófi og
er á sérstökum heiðurslista yfir
úrvalsnemendur Hraðbrautar. Hún er í
landslíðinu í körfubolta og var nýlega valin
í 5 manna lið ársins ásamt því að vera
valin efnilegasti ungi leikmaðurinn.

Hefur þú það sem til þarf ?



MENNTASKÓLINN
HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM
Á UNÐAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041

Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

Hversu virkur
er svefninn þinn?

Þrátt fyrir að svefn sé ómeðvitaður eru afleiðingar hans það ekki. Sannleikurinn er sá að næturnar hafa áhrif á dagana þína. Hversu miklu betri munu dagar þínir verða þegar næturnar þínar eru góðar?

Handgerðu hágæðarúmin frá Hästens eru hönnuð til að gera daga þína dásamlega, á allan hátt. Ástæðan er sú að rúmin okkar eru handgerð úr bestu efnum sem náttúran hefur að bjóða: hrosshári, baðmull, hör, ull og furu. Efnum sem veita þér ótrúlega góðan og endurnærandi svefn á hverri nóttu. Efnum sem munu færa þér vellíðunartilfinningu frá hvirfli til ilja, styrkja heila þinn, skerpa minni þitt og námsgetu og endurnýja frumurnar. Svo ímyndaðu þér endurnærandi og styrkjandi svefninn eftir að þú hefur komið við í næstu Hästens-rúmaverslun.

Hastens verslunin í Reykjavík
Grensásvegi 3, Sími 581-1006, www.hastens.is



Hästens 
Fulfilling dreams
since 1852

Betra verð
betra bragð



Bragðbetra í bragðprófun¹⁾

Nicorette Fruitmint Bragð sem kemur á óvart

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.



Þín ákvörðun
Þín leið
Þitt Nicorette

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótínlyfjagúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótínlyfjagúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætt á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

SIRKUS LEITAÐI TIL FJÖLDA MÁLSMETANDI KVENNA Í LEIT AÐ KYNÞOKKAFYLLSTA KNATTSPYRNUMANNIN-UM SEM SPILAR Á ÍSLANDI. MARGIR VORU NEFNDIR EN EINN ÞEIRRA STENDUR UPP ÚR.

BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA KYN ÞOKKA-FYLLSTUR KNATTSPYRNUMANNA

Þetta kemur mjög á óvart,“ segir Björgólfur Takefusa, 27 ára knattspyrnumaður, sem samkvæmt álitsgjöfum Sirkuss er kynþokkafyllsti knattspyrnumaður landsins. Björgólfur, sem keppir í Landsbankadeildinni með KR, segist ekki keppa í fótbolta fyrir titla af þessu tagi en viðurkennir að hafa gaman af. „Ég veit ekki hvaða konur voru álitsgjafir en þar sem íslenskar konur eru þekktar fyrir fegurð tek ég þessu sem miklu hrósi og er þakklátur,“ segir hann. Spurður um hina karlmennina sem einnig komust ofarlega á listann yfir þá kynþokkafyllstu segir hann um flottan hóp að ræða. „Þeir eru allir voðalega sætir og ég hef gaman af því að sigra þá í þessu jafnt sem boltanum.“ Björgólfur, sem starfar sem lánasérfræðingur í Landsbankanum, er ánægður með að sumarið sé loksins komið. „Ég er spenntur yfir að boltinn sé byrjaður. Þótt byrjunin hafi ekki verið góð er nóg eftir til að bæta það sem betur má fara,“ segir kynþokkafyllsti knattspyrnumaður landsins sem, ótrúlegt en satt, er á lausu.

indiana@rettabladid.is

Björgólfur Takefusa

„Sætur og skemmtilegur spilari.“
 „Hans mesti sjarmi er feimnin, hvað hann lætur fara lítið fyrir sér þrátt fyrir mikla velgengi.“
 „Hann hefur einhverja dásamlega ró yfir sér, sjarmerandi hógværd sem allar konur elska. Fyrir utan að vera algjörlega gordjöss í útliti hefur hann þennan þokka sem tryllir konur.“
 „Skemmtilegur karakter, myndarlegur, metnaðarfullur og góður fótboltamaður. Hann er alltaf flottur og klæðaburður hans er töff.“
 „Mér finnst hann „hrotta“ krútt og langar alltaf til að knúsa hann þegar ég sé hann, usssssssss bara sætur sko. Fallegustu augu í deildinni.“
 „Hefði valið hann númer eitt, tvö og þrjú hefðu reglurnar leyft. Hrikalega myndarlegur og flottur í alla staði.“



Eggert Stefánsson

„Þó svo að bræður hans Ólafur og Jón Arnór séu frægari íþróttamenn, þá er hann mun fallegri og kynþokkafyllri en þeir báðir til samans.“

„Bróðir Óla Stefáns og Jón Arnórs, þarf að segja meira? Kynþokkinn uppmálaður.“

„Það bókstaflega lekur af honum kynþokkinn, þeir gerast ekki mikið flottari í boltanum.“



Bjarni Guðjónsson

„Strákalegur og sætur.“
 „Góður fótboltamaður, myndarlegur, metnaðargjarn og alltaf gman að fylgjast með honum á vellinum.“
 „Strákslegt útlit í bland við karlmannlegt. Kynþokkinn liggur í fjölskyldugenum rétt eins og hjá Stefánssonum.“

Fjalar Þorgeirsson

„Mikill sjarmör og helvíti flottur kroppur, enda er hann ekki einkaþjáfari fyrir ekki neitt. Það væri sko margt leiðinlegra en að fara í einkatíma til svona fola.“

„Hávaxinn og flottur foli.“

„Svaadaalegur töffari... enough said!“



Gunnar Einarsson

„Gunni er þessi draumamaður hverrar konu, fyrir utan að vera með þetta fallega strákslega útlit þá er hann dunnjúkur að innan og góðmennskan uppmáluð. Eitt það allra kynþokkafyllsta er góðmennska og góðfuglyndi, það hefur Gunnar Einarsson hreint og tært.“

„Góðlegur og myndarlegur. Virkar skemmtilegur og fyndinn. Flottur gaur!“

ÞESSIR VORU LÍKA NEFNDIR:

Reynir Leósson „Klárlega flottastur á vellinum.“

Matthías Guðmundsson „Sem Hafnirföngingur verð ég að sjálfsgöðu að velja einn úr FH, hann er eins og ferskur sunnanvindur, ber það með sér hvað hann er hress og skemmtilegur sem er eitt mest kynsandi við karlmenn. Öruggur með sig en tekur sig ekki of hátiðlega, fullkomin blanda.“

Valur Fannar Gíslason „Fæturnir... úffff.“

Pétur Marteinnsson „Breytist ekkert, karlmannlegur og kynþokkafullur.“

Atli Jóhannsson „Flottur þó hann sé Eyjapeyi, ferskur og efnilegur ungur drengur.“

Grétar Ólafur Hjartarson „Mjög töff týpa, alltaf flottur jafnt innan vallar sem utan og þá sérstaklega flottur í tauinu, svo skemmir ekki fyrir að hann er líka alveg ferlega góður í fótbolta.“

Kjartan Sturluson „Hann er iðulega loðinn og úfinn, eins og frummaður, hrikalega sexy!“

Haukur Ingi Guðnason „Virkar þínu hrokafullur en hefur fallegar varir og ómótstæðileg augu. Svo er hann góð fyrirmynd fyrir ungu kynslóðina ásamt kærustunni sinni.“

Ágúst Gylfason „Góð fyrirmynd, myndarlegur og alltaf hress og skemmtilegur. Gaman að fylgjast með honum í sumar.“

Ólgeir Sigurgeirsson „Einfaldlega sá langflottasti, jafnvel þótt leitað væri út fyrir landsteinana. Smart strákur og afar flottur.“

Óðinn Árnason „Flottur strákur úr Grindavík og jafnvel þróngi Fram-búningurinn klæðir hann sérstaklega vel. Virkilega myndarlegur strákur með einstaklega falleg augu.“

Helgi Sigurðsson „Alveg að gera sig í stuttbuxunum úff, eitthvað svo „clean“ og flott týpa.“

ÁLITSGJAFAR: Linda Pétursdóttir, fyrrverandi alheimsfegurðardrottning, Eva Dögg Sigurgeirsdóttir athafnakona, Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktardrottning, Íris Kristinsdóttir söngkona, Kristín Ruth Jónsdóttir útvarpskona, Soffía Sveinsdóttir veðurfræðingur, Hildur Magnúsdóttir HARA, Sirry Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri, Hjaltey Sigurðardóttir söngkona, Harpa Melsted handboltakona, Dagný Skarphéðinsdóttir, grafiskur hönnuður



stærðir 16+

evans.
smáralind og kringlunni



DOROTHY PERKINS
SMÁRALIND

EVA SÓLAN ER AÐ ÚTSKRIFAST FRÁ VIÐSKIPTAHÁSKÓLANUM Á BIFRÖST. EVA ER BORGARBARN EN SEGIR RÓLEGHEITIN Í SVEITINNI EIGA VEL VIÐ SIG. HÚN SÉ ALLAVEGA SVEITALEGRI EN HÚN HAFI HALDIÐ.

KVEÐUR SÁTT AF SKJÁNUM

Petta er búíð að vera strembið þó skemmtilegt og ég er alveg tilbúin að fá smá frí núna loksins þegar fer að koma að því," segir Eva Sólan, sem útskrifast með BS í viðskiptalögfræði frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst í sumar. Eva tók námið á aðeins tveimur árum og er því búin að vera að læra á sumrin líka. „Ég hef því ekkert verið að vinna á sumrin nema í þulunni því það hefur verið nóg að gera í skólanum," segir hún brosandí og bætir við að henni hafi gengið mjög vel. „Námið á Bifröst er mjög skemmtilegt og byggist bæði upp á einstaklingsvinnu og samvinnu en kennslan sjálf er í formi fyrirlestra og við höfum einnig fengið góða reynslu í að standa upp og tala fyrir framan fólk," segir hún en viðurkennir að það hafi ekki verið mikið mál fyrir hana enda von að kynna sjónvarpsdagskrána fyrir alþjóð. Eva er frá Reykjavík og hafði ekki áður prófað að búa úti í sveit. „Mér finnst mjög gott að vera hér í róleghættunum enda engin truflun. Hér eru allir að vinna að sínu og ekki mikill tími afgang. Ég vissi ekki hvernig sveitin ætti við mig en róleghættin fara vel í mig. Ég vissi ekki að ég væri svona sveitó," segir hún hlæjandi en bætir við að hún keyri til Reykjavíkur að minnsta kosti aðra hverja helgi.

Þulan eins og saumaklúbbur

Eva var að setjast aftur á skólabeck eftir tíu ára fjarveru. Hún segist

virkelega hafa þurft að setja sig í stellingar og læra aftur að læra. „Ég lærði leikgerðahönnun í Englandi á sínum tíma en einn daginn kom að því að ég vildi fara að sjá hærri tölur á launaseðlinum. Þulustarfið hefur alltaf verið aukastarf. Flestar okkar eru með háskólapróf og vinna þetta með annari vinnu eða námi. Þetta hefur verið góður tími. Það ríkir góður andi á RÚV og að fara í vinnuna hefur stundum verið eins og að fara í saumaklúbbinn," segir Eva. „Vonandi fæ ég það góða vinnu að ég þarf ekki lengur að taka aukavinnu," segir hún en Eva er þó ekki hætt að læra. „Ég ætla að halda áfram og taka næst master í lögfræði á Bifröst sem einnig er heilsársnám. Síðan finn ég mér vonandi starf sem lögfræðingur í framtíðinni." Eva tók part af náminu í Shanghai og segir þá lífsreynslu ógleymanlega. „Mer finnst gífurlegur kostur að skólinn skuli bjóða upp á jafn mikið úrval af skiptinámi og raun er, enda öllum hollt að vikka sjóndeildarhringinn af og til."

Aldur skiptir ekki máli

Eva er ekki búin að skipuleggja sumarfríð sitt en ætlar að skella sér í útskriftarferð með skólafélögum sínum. „Félagsskapurinn hér á Bifröst er frábær og mjög fjölbreyttur. Hér eru krakkar sem eru nýkomnir úr menntaskóla og aðrir sem hafa verið úti á atvinnumarkaðnum. Í fyrstu leitaði ég til þeirra sem voru á mínum aldri en smám



STEFNIR Á LÖGFRÆÐINA Eva er ekki hætt að læra heldur ætlar að taka master í lögfræði og stefnir á að starfa sem lögfræðingur.

saman lærði ég að aðrir hefðu líka margt til málanna að leggja. Aldur skiptir ekki máli heldur persónan og hvernig fólk tekst að vinna saman. Ég er búin að eignast góða vini hérna og af þeim eru einstaklingar sem ég hélt að ég ætti enga samleið með og hefði sennilega aldrei kynnst nema við þessar aðstæður. Ég ætlaði mér reyndar ekkert sérstaklega að kynnst fólkinu hérna, stefndi bara á að taka námið á tveimur árum og byrja svo að vinna. Þetta var eitthvað sem ég ætlaði að rimpa af en svo hef ég kynnst fullt af góðu fólki," segir hún en gefur ekki upp hvort ástin sé í loftinu. Aðspurð hvað draumaprinsinn verði að hafa segir hún að hann verði að hafa báða fætur á jörðinni. „Í stuttu máli er draumaprinsinn skemmtilegur, vel gefinn og vandaður, já og auðvitað dýravinur," segir hún brosandí. Þegar að því kemur að hún kveðji þulustarfið segist hún ekki eiga eftir að sakna athyglinnar. „Líf mitt snýst ekki um að vera þekkt persóna og ég réði mig ekki þetta starf vegna þess. Ég var að starfa á RÚV sem sminka og þulustarfið kom sér vel á þeim tíma. Ég hef viljað halda mig út af fyrir mig og leita ekki í athyglina og athyglin hefur minnkað mikið eftir því sem fleiri komast að í sjónvarpi. Hvað það varðar mun ég hverfa sátt af skjánum þegar þar að kemur."

indiana@frettabladid.is



G-STAR RAW
REYKJAVÍK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007

Opið föstudaga 11-18.30 laugardaga 11-17.00
200 frí bílastæði í kjallara hússins.

G-STAR RAW DENIM RAW DEFENDER RAW DENIM 3301 G marc newson g-star.com



Full búð af
vor/sumarvörum.

Nýjar vörur reglulega.



Fjölbreytt störf í framsækinni atvinnugrein

Íslenskur sjávarútvegur er öflugur og framsækinn. Hann er í fremstu röð í heiminum og sóst er eftir sjávarafurðum, þekkingu og þjónustu frá Íslandi.

Skipstjórnar- og vélstjórnarnám í Fjöltækniskólanum er fjölbreytt nám sem veitir aðgang að vel launuðum störfum, bæði á sjó og í landi.

Kynntu þér skipstjórnar- og vélstjórnarnám hjá Fjöltækniskólanum á www.fti.is.
Umsóknarfrestur rennur út 10. júní n.k.

Við bjóðum einnig nám í flugstjórn til atvinnuflugs og nám á náttúrufræðibraut, skipstækni, véltækni, raftækni, flugtækni og Diploma nám á háskólastigi.



helgin

Uppáhalds kvikmyndin

„Ég held að ég verði að segja að uppáhaldsmyndin mín sé ítalska bíómyndin La vita e bella. Roberto Benigni er stórkostlegur í hlutverki föðurins sem reynir að telja syni sínum trú um að Helförin sé bara leikur. Ein af þessum myndum sem hreyfa við manni á allan mögulegan hátt.“



Heimir Eyvindarson tónlistarmaður

„Ég var 6 ára þegar ég kunní Cabaret með Lizu Minnelli utan að en annars hefur The Piano með Harvey Keitel og Helen Hunt hefur verið mín uppáhaldsmynd frá því ég sá hana á menntaskólaárinum.“



Arnbjörg Hlíf Valsdóttir leikkona

sirkus

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Útgefandi Helgi Hermannsson, ábm.
Ritstjórn Óskar Hrafn Þorvaldsson
 oskar@frettabladid.is,
 Indiana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
 105 Rvk, sími 550 5000
Sölustjóri Gréta Karen Grétarsdóttir
 550 5864 gretakaren@frett.is



ANDREA ÖSP Andrea er félagi í leikhópnum Lottu sem frumsýnir Dýrin í Hálsaskógi í Elliðaárdalnum á sunnudaginn. SIRKUSMYND/ANTON

Útskrifuð úr sirkusskóla

Ég hef haft áhuga á sirkus frá því ég var lítil og lét drauminn rætast, segir Andrea Ösp Karlsdóttir, sem útskrifaðist úr sirkusskóla frá Bretlandi í fyrra. Andrea Ösp er meðlimur leikhópsins Lottu sem frumsýnir Dýrin í Hálsaskógi í Elliðaárdalnum á sunnudaginn. Hún hafði lært fimleika í fjögur ár sem barn og æfði einnig dans, sem hún segir hafa hjálpað sér í sirkusnáminu, en þar lærði hún meðal annars loftfimleika, trúð, fimleikaballans, að hjóla á einhjól og „djögg“, sem felst í því að halda mörgum hlutum á lofti í einu. Andrea Ösp, sem leikur Lilla klifurmús, stefnir á leiklistarnám í Los Angeles í janúar

en ætlar að vinna þangað til og safna sér pening. Hún segir sirkusnámið skemmtilegan grunn fyrir leiklistina. „Þetta var rosalega skemmtilegt og það var ótrúlega margt sem við lærðum á þessu eina ári,“ segir hún og bætir við að hún hafi áhuga á að vinna í sirkus í framtíðinni. „Draumurinn er að verða leikari og halda áfram að gera skemmtilega hluti. Í dag er ég að leika Lilla klifurmús og vonandi fæ ég einhvern tímann að leika Línu Langsokk. Eins langar mig að komast í kvikmyndir. Ég tók eina önn í leiklistarnámi í skóla í Chicago en vildi komast í betri skóla og námið í LA er bæði kvikmyndatengt og leikhústengt.“ indiana@frettabladid.is



SIRKUS Andrea lét drauminn rætast og skelti sér í sirkusskóla.

NÚNA ER TÍMINN TIL AÐ KAUPA!



kr. 54.354

Murray

Sentinel 5,5hp

5,5 hestaþa garðsláttuvél
 51cm (20") sláttubreidd
 70 lítra söfnunarpoki
 Briggs & Stratton vél
 8" framhjól og 12" afturhjól
 7 hæðarstillingar



Murray Sentinel 18hp

18hp garðtraktor
 107cm (42") sláttubreidd
 2 hnifar
 Briggs & Stratton OHV I/C vél
 Sjálfskipting
 Beygjur á öllum hjólum
 15" framhjól, 20" afturhjól
 AVS hristivörn

kr. 395.814

-10%



kr. 283.580

Murray

Sentinel 12,5hp

12,5hp garðtraktor
 76cm (30") sláttubreidd
 Briggs & Stratton vél
 Safnkassi
 Afturblastur

-15%



kr. 295.298

Murray Sentinel 15,5hp

15,5hp garðsláttuvél
 102cm (40") sláttubreidd
 3 hnifar
 Briggs & Stratton OHV I/C vél
 Sjálfskipting

-16%

STÝRI Á ÖLLUM!



-10%

kr. 438.000

Murray Sentinel 20hp

20hp dvergtraktor
 117cm (46") sláttubreidd
 2 strokka Briggs & Stratton vél
 Sjálfskipting
 3 hnifar

Lækkað verð!

Umbrot: Design ehf.

HVELLUR

...í einum grænum

NÝTT Á DVD

HUGH
JACKMAN

CHRISTIAN
BALE

MICHAEL
CAINE

SCARLETT
JOHANSSON



Frá leikstjóranum CHRISTOPHER NOLAN kemur

THE PRESTIGE

LEONARDO
DICAPRIO
JENNIFER
CONNELLY
DJIMON
HOUNSOU




5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

BLOOD DIAMOND

SAM MYNÐIR

**Vorið er komið.
Samt ekki.**



Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12,
Miðhraun 11 Garðabæ. **Akureyri:** Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.

www.66north.is

Klæddu þig vel

